

**Fundargerð 129. fundar
fræðslunefndar Flóahrepps**

Fundarstaður: Flóaskóli

Fundardagur: Þriðjudagur 21. september 2021

Fundartími: Flóaskóli: 16.30 -17.15

Sameiginleg málefni: 17.15 – 18.00

Krakkaborg: 18.00 – 18.30

Fundarmenn:

Mareike Schacht, formaður

Bjarni Stefánsson, varaformaður

Ægir Sigurðsson, ritari

Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður

Axel Páll Einarsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Sigríður Oddný Stefánsdóttir fulltrúi kennara Flóaskóla

Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Sigurður Þór Emilsson, fulltrúi foreldra úr Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla

Flóaskóli:

1. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Rætt hvort nemendur geti komið með eigin tölvu til að vinna í skólanum ef þau kjósa frekar en að vinna á skólatölvur. Fulltrúar fræðslunefndar gera ekki athugasemdir við að nemendur komi með tölvur á eigin ábyrgð í skólann.
2. Ársskýrsla Flóaskóla 2020-2021. Ársskýrsla hefur verið send á fulltrúa fræðslunefndar. Fulltrúar fræðslunefndar gera ekki athugasemdir við ársskýrslu Flóaskóla 2020-2021.
3. Starfsáætlun Flóaskóla 2021-2022. Rætt um starfsáætlun Flóaskóla sem hefur verið send á fulltrúa fræðslunefndar. Fræðslunefnd samþykkir starfsáætlun Flóaskóla 2021-2022.
4. Önnur mál.

Sameiginleg málefni:

5. Skólastefna Flóahrepps. Rætt um tillögu að skólastefnu Flóahrepps. Skólastefna er lögð fyrir til þriggja ára og verður endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Fræðslunefnd samþykkir skólastefnu án athugasemda.
6. Starfsáætlun fræðslunefndar 2021 – 2022. Skólastjórar ásamt formanni fræðslunefndar hafa unnið tillögu að starfsáætlun fræðslunefndar. Tillaga að starfsáætlun 2020-2021 hefur verið send á fulltrúa fræðslunefndar.
7. Önnur mál

Krakkaborg:

8. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt. Leikskólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Bjartsýni ríkir í skólastarfinu og hefur það farið vel af stað í haust, nemendum hefur fækkað og enginn er á biðlista eftir leikskólaplássi.
9. Opnunartímar leikskólans – bókun sveitarstjórnar og dvalarreglur Krakkaborgar. Rætt um opnunartíma leikskólans og bókun sveitarstjórnar um dvalarreglur Krakkaborgar frá 6.7.2021. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við opnunartíma sem hefur verið ákveðinn en leggur til að opnunartími verði endurskoðaður reglulega m.t.t þarfa nemenda, í síðasta lagi næst um áramót. Opnunartími hefur verið ákveðinn frá 7:45-16:15 alla virka daga. Breyttur dvalar og vistunarreglur verða lagðar fyrir fræðslunefnd á næsta fundi fræðslunefndar.
10. Starfsskýrsla Krakkaborgar 2020-2021. Starfsskýrsla hefur verið send á fulltrúa fræðslunefndar til skoðunar. Starfsskýrsla 2020-2021 samþykkt án athugasemda.
11. Önnur mál